

Vatnafar á Glámu


1. Rennslislíkön

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir
Gunnar Orri Gröndal

ÚTLÁN
Bókasafn Orkustofnunar

Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða og
Auðlindadeild Orkustofnunar



Skýrsla nr.: OS-2001-007	Dags.: Janúar 2001	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Open <input type="checkbox"/> Closed until
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Vatnafar á Glámu. 1. Rennslislíkön	Upplag: 35	
	Fjöldi síðna: 84 + 47 myndir	
Höfundar: Stefanía Guðrún Halldórsdóttir Gunnar Orri Gröndal	Verkefnisstjóri: Kristinn Einarsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Niðurstöður líkanreikninga, forathugun á rennsli	Verknúmer: 7-548550	
Unnið fyrir: Orkubú Vestfjarða og Auðlindadeild Orkustofnunar		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: <p>Greint er frá gerð HBV-rennslislíkana af vatnshæðarmælum í Dynjandisá, Mjólká, Fjarðará í Skötufirði, Hundsa, Ísafjarðará, Vattardalsá og Vatnsdalsá í Vatnsfirði, en árnar eiga allar upptök sín á Glámusvæðinu. Reiknaðar rennslisraðir spanna vatnsárin 1961 - 1999.</p> <p>Vatnasviðum áнна er skipt upp í 100-200 m hæðarbil og meðalrennsli reiknað fyrir hvert þeirra. Á grundvelli þessa var útbúið afrennsliskort af Glámusvæðinu.</p> <p>Skýrslan er sú fyrri af tveimur er lýsa vatnafari á Glámu. Í síðari skýrslu verður fjallað um stakar rennslismælingar á svæðinu og samþættingu þeirra við samfelldar vatnamælingar og rennslislíkön, til frekari greiningar á vatnafarinu.</p>		
Lykilorð: Rennslislíkön, HBV-líkan, afrennsli, vatnafar, Vestfirðir, Gláma, Dynjandisá, Fjarðará í Skötufirði, Hundsa, Ísafjarðará, Mjólká, Vatnsdalsá í Vatnsfirði, Vattardalsá	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: KE	



Stefanía Guðrún Halldórsdóttir
Gunnar Orri Gröndal

Vatnafar á Glámu

1. Rennslislíkön

Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða
og Auðlindadeild Orkustofnunar

OS-2001/007

Janúar 2001

ORKUSTOFNUN: Kennitala 500269-5379 - Sími 569 6000 - Fax 568 8896
Netfang Vatnamælinga vm@os.is - Heimasíða <http://www.os.is/vatnam>

Vatnafar á Glámu

1. Rennslislíkön

Samantekt

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum rannsóknar á afrennsli af Glámu, sem var unnin af Vatnamælingum Orkustofnunar. Við rannsóknina var stuðst við mælingar á rennsli Mjólkár (vhm 18 og 173), Hundsár (vhm 199 og 202), Ísafjarðará (vhm 365), Vattardalsár (vhm 400), Vatnsdalsár (vhm 204 og 208) og Dynjandisár (vhm 19, 104 og 135). HBV-líkanið var aðlagð mælingum á rennsli ána og varð árangurinn eftirfarandi:

Vatnasvið	vhm	Tímabil (vatnsár)	R2	R2log	Vatnsj.
Hundsá	199	1978/79 - 1986/87	0.49	0.72	3.5%
Hundsá	202	1976/77 - 1981/82	0.55	0.53	-1.3%
Ísafjarðará	365	1996/97 - 1998/99	0.67	0.66	-1.0%
Vattardalsá	400	1996/97 - 1998/99	0.66	0.67	-1.2%
Vatnsdalsá	204	1976/77 - 1998/99	0.66	0.61	-0.5%
Vatnsdalsá	208	1990/91 - 1998/99	0.58	0.64	-1.7%
Dynjandisá	19	1961/62 - 1998/99	0.53	0.42	-1.1%
Dynjandisá	104	1968/69 - 1983/84	0.55	0.58	-2.4%
Dynjandisá	135	1966/67 - 1984/85	0.66	0.70	-0.3%
Mjólká	18	1966/67 - 1975/76	0.53	0.52	-2.6%

HBV-líkanið var notað til að reikna rennslisraðir fyrir tímabilið 1.9.1961 til 31.8.1999. Vatnasviðum vatnshæðarmælanna var skipt niður í allt að níu 100-200 m hæðarbil og afrennsli af hverju hæðarbili fundið. Niðurstaðan er mat á afrennsli sem birtist hér fyrir neðan (eining l/s·km²):

hæðarbil \ vhm	Mjólká	Hundsá		Ísafjarðará	Vattardalsá	Vatnsdalsá		Dynjandisá		
	18	199	202	365	400	204	208	19	104	135
0 - 200 m	39.7	36.9	36.3	31.6	50.3	43.6	42.0	36.5		
200 - 300 m	47.5	46.1	49.2	42.2	66.2	62.0	51.0	48.1		
300 - 400 m	56.0	54.2	58.9	56.0	79.5	72.7	58.9	56.7	64.0	
400 - 500 m	64.3	63.1	68.2	68.2	88.5	84.3	67.2	66.2	72.3	
500 - 600 m	69.3	68.1	77.4	80.6	91.7	91.3	75.1	71.7	78.4	41.9
600 - 700 m	71.0	69.5	83.5	88.3	94.0	94.6	82.4	73.1	81.7	43.9
700 - 800 m	73.0	71.2	86.7	90.1		97.9	88.4	75.1	84.4	46.6
800 - 900 m	73.8	72.5	88.9			99.3	90.2	75.8	86.0	48.6
900 - 1000 m		72.6	88.9							
meðal	71.0	69.8	70.9	77.5	88.0	82.6	77.1	70.0	80.5	45.0

Orkustofnun
Vatnamælingar

Á grundvelli þessarar niðurstöðu var útbúið afrennsliskort af Glámu sem birt er í viðauka skýrslunnar.

Verkefnið var unnið af Vatnamælingum Orkustofnunar (Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, Gunnar Orri Gröndal, verkefnisstjóri Kristinn Einarsson) fyrir Orkubú Vestfjarða og Auðlindadeild Orkustofnunar.

Reykjavík 26. janúar 2001,

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir

Gunnar Orri Gröndal.


Efnisyfirlit

	bls.
Efnisyfirlit	1
1. Inngangur	3
2. HBV-rennslislíkanið	5
2.1 Uppbygging HBV-líkansins	
2.2 Stuðlar notaðir í HBV-líkaninu	
2.3 Hvernig líkanið er prófað	
2.4 Veðurgögn	
3. Fjarðará	13
3.1 vhm 199	
3.2 vhm 202	
4. Ísafjarðará (vhm 365).....	19
5. Vattardalsá (vhm 400).....	22
6. Vatnsdalsá	25
6.1 vhm 204	
6.2 vhm 208	
7. Dynjandisá.....	31
7.1 vhm 019	
7.2 vhm 104	
7.3 vhm 135	
8. Mjólka og Hófsá.....	41
8.1 vhm 018	
8.2 vhm 173	
8.3 vhm 174 / 247	
9. Niðurstöður og umfjöllun.....	45
10. Heimildir	46
Viðauki I.....	47
Afrennsliskort	
Viðauki II	49
Örnefni sem koma fyrir í skýrslunni	

Viðauki III.....	51
Staðsetning HBV rennslisraða	
Viðauki IV.....	53
Stuðlaskrár	
Viðauki V.....	75
Töflur með nokkrum miklvægum líkanstuðlum	
Myndir sem sýna ársúrkomu og meðalhita á veðurstöðvum	
Viðauki VI.....	79
Töflur með reiknuðu mánaðar og ársmeðalrennsli	
Töflur með meðalrennsli aftir hæðarbilum	
Viðauki VII.....	83
Línurit með niðurstöðum HBV líkans	

1 Inngangur

Tilgangur þessa verkefnis er að meta afrennsli af vatnasviði Glámu með aðstoð HBV-rennslislíkansins. Fjallað er um afrennsli af sjö hlutvatnasviðum á Glámu: Dynjandisá, Mjólka, Fjarðará (Hundsá), Ísafjarðará, Vattardalsá og Vatnsdalsá (sjá mynd 1.1). Vatnamælingar og Orkubú Vestfjarða hafa á undanförmum árum haft tólf vatnshæðarmæla í rekstri á þessum vatnasviðum sbr. mynd 1.1.



Mynd 1.1 Glámusvæðið. Vatnshæðarmælarnir sem koma við sögu eru merktir inn.

Með hjálp HBV-líkansins voru reiknaðar rennslisraðir fyrir vatnshæðarmælana á svæðinu á tímabilinu 1.9.1961 til 31.8.1999. Skortur á veðurgögnum veldur því að líkönin eru ekki látin ná aftur til ársins 1950 eins og venja er í rekstrareftirlíkingum. Ekki var stuðst við rennslisgögn sem talin eru ótrygg vegna t.d. ísatriflana við gerð HBV-líkana. Verkefnið var unnið af Vatnamælingum Orkustofnunar fyrir Orkubú Vestfjarða og Auðlindadeild Orkustofnunar.

1.1 Uppbygging skýrslunnar


Í 2. kafla skýrslunnar er fjallað um HBV-líkanið og kynntar eru miklvægustu forsendur varðandi meðhöndlun úrkomu og hitastigs í líkaninu. Í kaflanum er einnig að finna mynd sem sýnir mánaðarúrkomu og hitastig á veðurstöðvunum sem notast var við auk korts og töflu sem sýna ársúrkomuna.

Kaflar 3 – 8 eru tileinkaðir HBV-rennslislíkönum sem gerð voru af rennsli við vatnshæðarmælana sem athugunin náði til. Þar er að finna töflur sem sýna vatnsjöfnuð og fylgni mælinga og líkans. Í dálkunum undir fyrirsögninni „Vatnsjöfnuður“ eru borin saman meðaltöl mælds og reiknaðs rennslis á þeim tímabilum innan viðkomandi vatnsárs sem mælingar á rennsli eru fyrirliggjandi (oft eru eyður í mæligögnum). Í töflunum eru fylgnisstuðlarnir R2 og R2log einnig settir fram, en þeir segja til um hversu vel líkðin ná rennslisferlinu. Vert er að geta þess að þeir segja ekki mikið um vatnsjöfnuð. Dálkarnir undir fyrirsögninni „Ársmeðalrennsli“ hægra megin í töflunum segja til um mælt og reiknað meðalrennsli heillra vatnsára. Mælt ársmeðalrennsli er fundið út með rennslisröðum sem innihalda einnig leiðrétt gögn, eins og t.d. mælingar á ísatrufluðu rennsli sem hafa verið handleiðrétt skv. besta mati umsjónarmanns viðkomandi vatnshæðarmælis.

Vatnsár	Vatnsjöfnuður			Fylgnistuðlar		Ársmeðalrennsli		
	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.	R2	R2log	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.
1990/91	10.2	9.71	-5.1%	0.08	0.17		6.03	
1991/92	7.41	7.87	6.3%	0.65	0.69		6.54	
1992/93	6.73	7.16	6.3%	0.76	0.84		5.30	
1993/94	8.00	6.76	-15.4%	0.47	0.21		4.88	
1994/95	5.26	5.6	6.1%	0.64	0.82	4.66	4.84	3.8%
1995/96	5.36	3.31	-38.2%	0.50	0.53		4.21	
1996/97	5.82	5.91	1.6%	0.74	0.63		4.37	
1997/98	5.16	4.67	-9.6%	0.39	0.17	4.55	4.00	-12.0%
1998/99	4.99	4.82	-3.5%	0.45	0.38	4.09	3.89	-5.0%
meðal	6.30	6.19	-1.7%	0.58	0.64	4.43	4.24	-4.3%

Tafla 1.1 Tafla sem sýnir vatnsjöfnuð og fylgni raunverulegra mælinga og líkans.

Í köflum 3 – 8 er einnig að finna myndir sem sýna meðalrennsli eftir mánuðum. Á myndunum má sjá hvernig líkaninu gengur að líkja eftir mældu rennsli innan



Mynd 1.2 Mælt og reiknað rennsli borið saman.

hvers mánaðar (mjórri línurnar). Borin eru saman meðaltöl mælinga og útreikninga á rennsli á tímabilum þar sem oft eru miklar eyður í gögnum og því segja þessi meðaltöl ekki í öllum tilvikum mikið um raunverulegt mánaðarmeðalrennsli. Því er reiknað mánaðarmeðalrennsli á tímabilinu 1.9.1961 – 31.8.1999 einnig teiknað inn á myndirnar (feit lína).


Í 9. kafla skýrslunar eru niðurstöður útreikninganna dregnar saman. Aftast í skýrslunni er viðauki sem inniheldur afrennsliskort, örnefnakort, stuðlaskrár HBV-líkananna og línurit sem sýna mælt og reiknað rennsli auk taflna með meðalrennsli skv. líkaninu og langægislínurit.

2 HBV-rennslislíkanið

Með HBV (Hydrologiska Byråns Vattenbalansavdelning) –rennslislíkani eru veðurþættir (hiti, úrkoma) notaðir til að herma eftir rennsli á ákveðnum mælistað yfir tiltekið tímabil. Líkanið er aðlagð mældu rennsli á tímabili þar sem til eru samhliða veður- og rennslisgögn. Með HBV-líkani er hægt að segja til um rennsli annars staðar á vatnasviðinu þar sem mælingar vantar. Einnig er hægt að áætla rennsli árinna aftur í tímann á viðkomandi stað, fylla í eyður í gögnum og bæta mat á ístruflunum, og skapa grundvöll fyrir mati á afrennsli á nálægum vatnasviðum. HBV-líkanið hefur enn fremur verið notað til þess að spá fyrir um áhrif veðurfarsbreytinga á vatnafar, t.d. hækkunar hitastigs af völdum aukins magns gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu (Sælthun, 1996).

2.1 Uppbygging HBV-líkansins

HBV-líkanið skiptist í fjóra meginhluta: snjólíkan, jarðrakalíkan, efri grunnvatnsgeymi og neðri grunnvatnsgeymi, sbr. mynd 2.1. Mikilvægustu inntaksgögnin í HBV-líkanið eru sólarhringsgildi úrkomu og hitastigs.




Mynd 2.1 Uppbygging HBV-líkansins (Killingtveit, Á., o.fl., 1995)

Vatnasviði sem er til athugunar er skipt niður í hæðarbil og er hinum fjórum hlutum líkansins beitt á hvert hæðarbil um sig.

Í snjólíkaninu er snjósöfnun og bráðnun reiknuð út, en það fer eftir hitastigi hvort úrkoma er talin falla sem snjór eða rigning. Hitastigið á hverju hæðarbili ræðst af

hitastigi á viðmiðunarveðurstöðvum auk meðalhæðar þess yfir sjávarmáli. Í veðrahvolfinu lækkar hiti að meðaltali með hæð um 0.6°C á hverja 100 metra, sem upp er farið. Þetta er þó breytilegt, og fer einkum eftir rakastigi og blöndun loftsins vegna vinds (Tveit, 1994). HBV-líkanið gerir ráð fyrir línulegum hitastigli, og gefur möguleika á að taka tillit til árstíðabundinna sveiflna í hitastigli. Ef hitastig á tilteknu hæðarbili er lægra en þröskuldshiti snjókomu (TS) fellur úrkoman sem snjór annars rigning, sbr. mynd 2.2. Snjóbráðnun á sér stað ef hitastig er hærra en þröskuldshiti snjóbráðunar (TX).



Mynd 2.2 Uppbygging snjólíkansins (Killingtveit, Á., o.fl., 1990)

Í líkaninu ræðst úrkoman á hverju hæðarbili af úrkomu á viðmiðunarveðurstöð og meðalhæð viðkomandi hæðarbils. Á Íslandi fellur úrkoma einkum þegar vindur stendur af hafi, sér í lagi í suðlægum áttum. Rakt og tiltölulega hlýtt loft berst yfir ströndina og er þvingað upp þegar það mætir hækkinu í landslaginu. Við það kólnar loftið, raki þéttist og úrkoma fellur. Við þessar aðstæður vex úrkoma með hæð, í vissum tilfellum allt upp í nokkra tugi prósentu fyrir hverja 100 m hækkinu. Í HBV-

líkaninu er gert ráð fyrir að þessi úrkomuaukning sé einfalt línuleg sbr. mynd 2.2 eða samsett úr tvemur línubútum.

Rigningarvatn og snjóbráð berst úr snjólíkaninu niður í jarðrakalíkanið sem reiknar út rakamettunarstig jarðvegsins, og út frá því uppgufun og leka til efri grunnvatnsgeymis. Efri grunnvatnsgeymirinn er notaður til að líkja eftir afrennsli af yfirborði vatnasviðs og leka til neðra grunnvatnsgeymis. Neðri grunnvatnsgeymir, sem einnig tekur til stöðuvatna, stjórnar grunnrennslinu í líkaninu (Sælthun, 1996).

2.2 Stuðlar notaðir í HBV-líkaninu

HBV-líkanið notar yfir 100 óháða stuðla, sem allir lýsa mismunandi vatnafræðilegum eiginleikum vatnasviðs, til þess að breyta úrkomu í afrennsli. Nokkrir stuðlanna eru ákvarðaðir út frá kortum af svæðinu, t.d. hæðardreifing og jökulhlutfall, en gildi flestra þeirra er ákvarðað með kerfisbundnum ágiskunum og endurteknum samanburði á rennslismælingum og niðurstöðum HBV-líkans fyrir eitthvert tiltekið tímabil. Tafla 2.1 sýnir yfirlit yfir nokkra mikilvægustu stuðlana.

Stuðull	Hlutverk	Gildissvið á Glámu	Eining
TX	þröskuldsgildi snjókomu	0.1 – 1.2	°C
TS	þröskuldsgildi snjóbráðunar	-0.9 – -0.2	°C
CX	gráðudaga stuðull	2.5 – 4.8	mm/°C·dag
PKORR	leiðréttingarstuðull fyrir úrkomu	0.58 – 1.16	1
SKORR	leiðréttingarstuðull fyrir snjókomu	1.06 – 1.30	1
TTGRAD	hitastigull, dagar án úrkomu	-0.65 – -0.55	°C / 100 m
TVGRAD	hitastigull, dagar með úrkomu	-0.54 – -0.50	°C / 100 m
PGRAD	úrkomustigull, neðan H1	10% – 79%	1 / 100 m
PGRAD1	úrkomustigull, ofan H1	4% – 22%	1 / 100 m
GRAD	Hæð H1, þar sem brot verður í úrkomustigli	400 – 1000	m y.s.
UZL	þröskuldsgildi fyrir afrennsli á yfirborði	30 – 70	mm
KUZ1	geymisstuðull, efri grunnvatnsgeymir	0.30 – 0.99	1/dag
KUZ	geymisstuðull, efri grunnvatnsgeymir	0.06 – 0.25	1/dag
PERC	leki til neðra grunnvatnsgeymis	0.8 – 8.5	mm/dag
KLZ	geymisstuðull, neðri grunnvatnsgeymir	0.001 – 0.020	1/dag

Tafla 2.1 Yfirlit yfir nokkra mikilvæga stuðla í HBV-líkani

Mikilvægustu stuðlarnir eru þeir sem stjórna úrkomu og hitastigi, þeir sem stjórna bráðnun og þeir sem breyta (seinka) afrennslinu í líkaninu. Margir fleiri stuðlar hafa áhrif á fylgni reiknaðs og mælds rennslis, t.d. stuðlar sem lýsa jarðvegsraka, og uppgufun. Aðlögun líkansins að nýju svæði er fólgin í því að breyta stuðlunum hvað eftir annað og prófa sig þannig áfram.

Þegar HBV-líkanið er notað til þess að spá fyrir um dreifingu afrennslis með hæð innan vatnasviðs hafa stuðlar sem stjórna úrkomudreifingu í líkaninu afgerandi áhrif á niðurstöðuna. Úrkomuleiðréttingarstuðullinn PKORR er stilltur þannig að meðalúrcoma við sjávarmál í líkaninu af viðkomandi vatnasviði verður sambærileg við mælda meðalúrkomu á veðurstöð í nágrenni vatnasviðsins. Úrkomustiglarnir

PGRAD og PGRAD1 eru stilltir þannig að samanlagt afrennsli skv. líkaninu verði jafnt mældu afrennsli, þ.e. vatnsjöfnuður stenst.

Stuðlarnir TTGRAD og TVGRAD stýra hitabreytingu með hæð. Þannig segir stuðullinn TTGRAD til um hversu mikið kólnar á hverja 100 metra þá daga sem engin úrkoma fellur. TVGRAD segir hins vegar til um hversu mikið kólnar á hverja 100 metra á úrkomudögum. Einnig eru stuðlar sem svo aftur leiðréttá þessa hitabreytingu eftir mánuði, með tilliti til TTGRAD og TVGRAD.

2.3 Hvernig líkanið er prófað

Útkoman úr HBV-líkaninu er reiknað rennsli, og eru gæði þess samanborið við mælt rennsli metin 1) með s.k. fylgnistuðlum, 2) með samanburði á línuritum með mældu og reiknuðu rennsli og 3) með samanburði á vatnsmagni (vatnsjöfnuði) skv. mælingum og líkani.

Fylgnistuðlar eru handhæg aðferð til að meta fylgni mælds og reiknaðs rennslis með einni tölu. Fylgnistuðullinn R2 er skilgreindur á eftirfarandi hátt:

$$R2 \equiv \frac{\sum (Q_0 - \bar{Q}_0)^2 - \sum (Q_S - Q_0)^2}{\sum (Q_0 - \bar{Q}_0)^2}$$

þar sem Q_0 er mælt rennsli
 \bar{Q}_0 er mælt meðalrennsli
 Q_S er rennsli samkvæmt líkani

(Nash og Sutcliffe, 1970).


R2 er næmur fyrir því að mæld og reiknuð hágildi séu svipuð og sýnir því hvort líkanið fylgi vel toppunum í rennslinu, þ.e. hárennslinu. Fylgnistuðullinn R2log er skilgreindur hliðstætt R2 nema miðað er við lógaritma af rennslinu. Hann sýnir því betur en R2 hversu vel líkanið fylgir lágrennslinu (grunnrennsli) (Sælthun, 1995). Við aðlögun líkans að rennslismælingum er reynt að láta fylgnistuðlana R2 og R2log ná herra gildi en 0.60.

Vatnsjöfnuður er skilgreindur sem mismunur reiknaðs og mælds rennslis. Hann er neikvæður sýni líkanið of lítið rennsli miðað við mælingarnar á tilteknu tímabili, en jákvæður ef rennslið er of mikið. Vatnsjöfnuður er einungis reiknaður út fyrir þau tímabil þar sem tiltækar eru mælingar á rennsli. Hlutfallslegur vatnsjöfnuður miðast við mælt rennsli, þ.e.

$$\text{hlutfallslegur vatnsjöfnuður} \equiv \frac{Q_{\text{reiknað}} - Q_{\text{mælt}}}{Q_{\text{mælt}}}$$

2.4 Veðurgögn

Sólarhringsgildi úrkomu og hitastigs eru nauðsynleg inntaksgögn í HBV-líkanið. Notast var við úrkomumælingar frá sex og hitamælingar frá fjórum veðurstöðvum, þ.e. veðurstöðvunum á Stykkishólmi (Ú+H), Lambavatni (Ú), í Kvígindisdal (Ú+H), við Mjólkárvirkiun (Ú), Þórustaði (Ú+H) og í Æðey (Ú+H). Eyður í gögnunum voru fylltar með hjálp línulegrar aðhvarfsgreiningar.



Mynd 2.3 Meðalúrcoma og meðalhiti vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 á veðurstöðvunum sem notaðar voru í HBV-líkani. (Veðurstofa Íslands, gagnasafn, afrit varðveitt á Vatnamælingum Orkustofnunar)

Tafla 2.2 sýnir yfirlit yfir vægi veðurstöðvanna í líkaninu.


veðurstöð	vhm 018	vhm 019	vhm 104	vhm 135	vhm 199	vhm 202	vhm 204	vhm 208	vhm 365	vhm 400
Stykkishólmur	0%	0%	0%	7%	0%	0%	0%	10%	10%	10%
Lambavatn	10%	10%	30%	9%	20%	14%	35%	20%	10%	14%
Kvígingisdalur	10%	10%	10%	19%	0%	36%	50%	30%	10%	36%
Mjólkárvirkjun	60%	60%	30%	19%	20%	6%	10%	0%	20%	6%
Þórustaðir	10%	10%	30%	9%	20%	14%	5%	30%	10%	14%
Æðey	10%	10%	0%	37%	40%	30%	0%	10%	40%	20%

Stykkishólmur	0%	0%	0%	5%	25%	0%	20%	10%	10%	0%
Kvígingisdalur	20%	20%	30%	15%	0%	30%	10%	30%	40%	20%
Þórustaðir	50%	50%	40%	30%	0%	40%	20%	20%	10%	60%
Æðey	30%	30%	30%	50%	75%	30%	50%	40%	40%	20%

Tafla 2.2 Vægi veðurstöðvanna í líkaninu.

Mynd 2.4 og tafla 2.3 sýna ársúrkomu á veðurathugunarstöðvunum sem notast var við í HBV-líkönunum auk níu veðurstöðva til viðbótar sem hafðar voru til hliðsjónar við mat á úrkomustigli í líkönunum.

Ársúrcoma á veðurstöðvum



Mynd 2.4 Ársúrcoma á veðurstöðvum. Talan vísar til númers veðurstöðvar skv. númerakerfi Veðurstofu Íslands. Ársúrcoman á ekki við sama tímabil í öllum tilfellum (sjá töflu 2.2).

Ekki hafa verið stundaðar úrkomumæingar uppi á hálendi Vestfjarða, svo gagn sé af enn sem komið er a.m.k., en ákjósanlegt hefði verið að hafa aðgang að úrkomumælingum á hálendi við ákvörðun úrkomustiguls.

Veðurstöð	Veðurst. númer	Ársúrk. [mm]	Tímabil (almanaksár)	Veðurstöð	Veðurst. númer	Ársúrk. [mm]	Tímabil (almanaksár)
Stykkishólmur	178	703	1961 - 99	Þórustaðir	240	930	1961 - 99
Reykhólar	206	529	1961 - 85				
Flatey	210	603	1963 - 70	Galtarviti	250	1202	1954 - 93
Brjánslækur	212	1003	1998 - 99	Súðavík	256	686	1998
Lambavatn	220	947	1961 - 99	Æðey	260	603	1961 - 99
Kvígindisdalur	224	1372	1961 - 99	Rauðamýri	265	524	1979 - 85
Mjólkárirkjun	231	887	1961 - 99	Gjögur	295	781	1972 - 88
Hólar Dýrafirði	234	1229	1984 - 99	Ytri-Ós	298	508	1996 - 97

Tafla 2.2 Ársúrkoma á nokkrum veðurstöðvum á Vestfjörðum. (Veðurstofa Íslands, gagnasafn, afrit varðveitt á Vatnamælingum Orkustofnunar)


Í viðauka VII aftast í skýrslunni er að finna yfirlit yfir vægi veðurstöðva í HBV-líkani, auk mynda sem sýna ársúrkomu og meðalhita.

3 Fjarðará

Í Skötufirði koma Hundsá og Rjúkandi saman í um 20 m h.y.s. og heita eftir það Fjarðará. Á vatnsviði Fjarðará hafa verið reknir tveir vatnshæðarmælar, vhm 199 og vhm 202.

3.1 VHM 202

Vatnamælingar ráku vhm 202 í Fjarðará við Kleifaós á tímabilinu ágúst 1976 til júní 1987. Flatarmál vatnasviðsins er 88.1 km² og er hæðardreifnign sýnd á mynd 3.1.



Mynd 3.1 Hæðardreifing vatnasviðs vhm 202.

Vatnshæðarmælirinn er í um 4 metra hæð en hæsti punkturinn á vatnasviðinu er í um 900 m hæð.


Endanlega var hætt við rekstur vhm 202 árið 1987 sökum þess hve þversnið árinar var óstöðugt við mælistaðinn. Mæligögn frá vatnsárunum 1976/77 til 1981/82 eru þó trygg og voru þau lögð til grundvallar rennislíkani af vhm 202 (þó vantar vatnsárið 1978/79). Tafla 3.1 sýnir yfirlit yfir fylgnistuðla og vatnsjöfnuð. Aðlögunartímabil er feitletrað.

Vatnsár	Vatnsjöfnuður			Fylgnistuðlar		Ársmeðalrennsli		
	Mælt [m ³ /s]	Reiknað [m ³ /s]	hlfl mism.	R2	R2log	Mælt[m ³ /s]	Reiknað [m ³ /s]	hlfl mism.
1976/77	8.96	8.05	-10.2%	0.79	0.61	6.01		
1977/78	5.81	6.67	14.7%	-0.19	0.06	5.18		
1979/80	7.72	6.98	-9.6%	0.43	0.51	5.29		
1980/81	8.88	8.65	-2.6%	0.54	0.62	5.74	5.34	-7.5%
1981/82	5.81	8.59	47.9%	-2.46	-1.20	5.53		
meðal	8.03	7.82	-1.3%	0.55	0.53	5.74	5.47	

Tafla 3.1 Yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni. Aðlögunartímabil er feitletrað.


Almennt er fylgni milli reiknaða og mælda rennslisins ágæt, fyrir utan vatnsárið 1981/1982, en það er vegna þess að örfá gildi eru til fyrir rennslið að hausti og gekk illa að líkja eftir þeim. Vatnsjöfnuðurinn kemur vel út, en hlutfallslegur mismunur milli mælds og reiknaðs rennslis er 1.3 %.

Mynd 3.2 sýnir rennslisferla við vhm 202 skv. HBV-líkaninu. Á myndinni er hægt að greina árssveiflu rennslissins, grunnrennsli, yfirborðsrennsli og leysingar.



Mynd 3.2 Reiknað rennsli við vhm 202 tímabilið 1.9.1961 - 31.8.1999


Rennslið er jafnan mest að sumri og hausti, en minnkar er á líður vetur og er minnst í mars og apríl á vorin. Búast má við flóðtoppum allan ársins hring. Meðalrennslið á tímabilinu 1.9.1961 til 31.8.1999 er 6.24 m³/s eða 70.9 l/s·km².



Mynd 3.3 Mælt og reiknað rennsli við vhm 202 borið saman. Ársmeðalrennsli á tímabilinu 1.9.1961 - 31.8.1999 skv. HBV-líkaninu er einnig teiknað á myndina.


Ekki eru til mælingar á rennsli í janúar og febrúar, og sýnir myndin því ekkert rennsli á þeim tíma. Rennslið á öðrum tíma er fundið út með tiltækum gögnum. Reiknað rennsli fylgir því mælda nokkuð vel að öðru leiti.

Mynd 3.4 sýnir meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. HBV-líkani af vhm 202.



Mynd 3.4 Reiknað meðalrennsli við vhm 202 vatnsárin 1961/62 til 1998/99.

HBV-líkanið var nú látið reikna meðalafrennsli sem fall af hæð á vatnasviði vhm 202. Mynd 3.5 sýnir niðurstöðu þessa.




Mynd 3.5 Vatnsjöfnuður á hæðarbilum vatnasviðs vhm 202. Tímabil 1.9.1961 - 31.8.1999.

Niðurstaða HBV-líkansins er að úrkoma vex um allt að 32 % fyrir hverja 100 m hæðaraukninguá bilinu 0 til 600 m og þar fyrir ofan um 10 %. Það er eitthvað meira en í líkaninu fyrir vhm 199, en ástæðan er líklega sú að vatnasvið vhm 202 sem er stærra, nær einnig yfir svæði sem snýr meira á móti norð-vestri sem er ríkjandi úrkomuátt á þessu svæði. En eins og við vhm 199 er úrkomun í samræmi við nærliggjandi úrkomustöðvar.

Ekki reyndist unnt að koma í veg fyrir um 100 mm snjósöfnun á efsta hæðarbilinu í líkaninu. Þetta er skekkja í útreikningunum, sem hefur þó ekki teljandi áhrif á lokaniðurstöðu HBV-líkansins um afrennsli af vatnasviði vhm 202.

3.1 VHM 199

Vatnshæðarmælir 199 er staðsettur í Hundsa, í um 23 m h.y.s rétt ofan ármóta Hundsa og Rjúkanda og hófst ritun árið 1976. Flatarmál vatnasviðsins reynist 23.9 km² skv. AMS-korti í mælikv. 1:50,000. Hæðardreifing vatnasviðsins er sýnd á mynd 3.6.



Mynd 3.6 Hæðardreifing vatnasviðs vhm 199.

Hæsti punktur vatnasviðsins er í rétt rúmlega 900 m y.s. en meðalhæðin er 648 m y.s.


Erfiðlega hefur gengið að reka vhm 199 einkum vegna ísatruflana og eru gögn ekki samfelld af þeim sökum. Við gerð líkans af mælinum var stuðst við gögn frá vatnsárunum 1978/79 til 1986/87 og kom það ágætlega út þrátt fyrir eyður í gögnum. Tafla 3.2 sýnir yfirlit yfir fylgnistuðla og vatnsjöfnuð. Aðlögunartímabil er feitletrað.

Vatnsár	Vatnsjöfnuður			Fylgnistuðlar		Ársmeðalrennsli		
	Mælt [m ³ /s]	Reiknað [m ³ /s]	hlfi mism.	R2	R2log	Mælt[m ³ /s]	Reiknað [m ³ /s]	hlfi mism.
1978/79	1.40	1.38	-1.9%	0.64	0.81		1.32	
1979/80	1.63	1.46	-10.4%	0.39	0.28	1.35	1.51	11.7%
1980/81	2.06	2.08	0.7%	0.54	0.78	1.41	1.45	2.7%
1981/82	2.16	2.32	7.7%	0.44	0.74		1.54	
1982/83	2.69	3.95	46.9%	0.27	0.91		2.05	
1983/84	2.95	3.36	13.8%	0.50	0.70		2.08	
1984/85	2.10	2.10	-0.2%	0.33	0.43		1.14	
1985/86	3.69	2.57	-30.3%	0.46	0.53		1.66	
1986/87	1.70	1.49	-12.2%	-0.62	-0.89		1.57	
meðal	2.26	2.34	3.5%	0.49	0.72	1.38	1.62	0.17

Tafla 3.2 Yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni. Aðlögunartímabil er feitletrað.


Vel gekk að líkja eftir lágrennslinu, en erfiðar var að líkja eftir toppum. Þrátt fyrir þetta kemur vatnsjöfnuðurinn ágætlega út fyrir allt tímabilið.

Mynd 3.7 sýnir rennslisferla skv. HBV-líkaninu.



Mynd 3.7 Reiknað rennsli við vhm 199 skv. HBV líkani tímabilið 1.9.1961 - 31.8.1999.


Á sumrin er rennslið um 2 - 8 m³/s, en frá september til janúar á bilinu 0.7 til 2.7 m³/s. Meðalrennsli skv. HBV-líkanu er 1.67 m³/s eða um 69.8 l/s·km².



Mynd 3.8 Samanburður líkans og mælinga og reiknað ársmeðalrennsli við vhm 199 tímabilið 1.9.1961 - 31.8.1999.


Líkanið fylgir ágætlega rennslinu, en er eitthvað meira en mælt rennsli frá nóvember og fram á vor. Ef Hundsvatn miðlar vatninu eitthvað þá er það mjög lítið. Enn á eftir að vinna úr gögnum frá vhm 199, og er ástæða til að endurskoða líkanið þegar þau gögn liggja fyrir, en frekar stutt viðmiðunartímabil var notað við gerð þessa líkans.

Meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. líkani er sýnt á mynd 3.9.



Mynd 3.9 Meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. HBV-líkani.

Vatnasviði vhm 199 var skipt upp í átta 100 - 200 m hæðarbil og HBV-líkaninu af vhm 199 beitt á hvert þessara hæðarbila. Niðurstaða þessa er birt á mynd 3.10.




Mynd 3.10 Vatnsjöfnuður á hæðarbilum vatnasviðs vhm 199. Tímabil 1.9.1961 - 31.8.1999

Úrkoma á neðsta hæðarbilinu er skv. líkani um 1250 mm sem svarar til 700 - 800 mm óleiðréttrar ársúrkomu við sjávarmál. Þetta er í samræmi við úrkomu á næstu veðurstöðvum á láglendi, en þar er miðað við Æðey og Rauðamýri. Úrkoma eykst um 30% við hverja 100 metra að 500 m h.y.s. en eftir það um 5%.

Skv. líkani safnast fyrir um 54 mm af snjó á tímabilinu 1.9.1961 til 31.8.1999 á efsta hæðarbilinu. Þessi skekkja í líkaninu er það lítil (54 mm vatns dreift á 0.05 km² á 39 árum) að hún skiptir ekki máli fyrir heildarniðurstöðu líkansins.

4 Ísafjarðará

Vatnamælingar hófu rekstur vhm 365 í Ísafjarðará í október 1995. Mælirinn er staðsettur í botni Hvanneyrardals ofan Torfgils í 47 m hæð yfir sjávarmáli. Flatarmál vatnasviðsins er um 46.7 km², og er hæðardreifing vatnasviðsins teiknuð á mynd 4.1.



Mynd 4.1 Hæðardreifing vatnasviðs vhm 365.

Hæsti punktur vatnasviðsins er í um 750 m hæð en meðalhæðin er 546 m y.s.


Við gerð HBV rennislíkans af vhm 365 var stuðst við rennislöggn frá tímabilunum janúar til febrúar 1997 og maí 1998 til ágúst 1999, en nothæf gögn frá vhm 365 eru bæði stutt og slitrótt. Þetta gerir greiningu rennislípa á árinna erfiðari og eykur hættu á ónákvæmni í HBV líkaninu. Því er ráðlegt að taka líkanið af vhm 365 til endurskoðunar þegar lengri rennislípa verða tiltækar. Tafla 4.1 sýnir yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni á aðlögunartímabilinu.

Vatnsár	Vatnsjöfnuður			Fylgnistuðlar		Ársmeðalrennsli		
	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.	R2	R2log	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.
1996/97	1.14	1.19	3.9%	-0.69	-0.86		3.20	
1997/98	4.83	4.28	-11.5%	0.53	0.57		3.28	
1998/99	4.84	5.06	4.5%	0.67	0.67	3.21	3.41	6.3%
meðal	4.56	4.51	-1.0%	0.67	0.66	3.21	3.41	6.3%

Tafla 4.1 Yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni. Aðlögunartímabil er feitletrað.


Niðurstaðan er viðunandi fyrir aðlögunartímabilið en líkanið virðist ekki ná að líkja vel eftir rennslinu á samanburðartímabilinu janúar til febrúar 1997. Samanburðartímabilið er þó ekki nægjanlega langt til að gefa tilefni til alvarlegra efasemda um trúverðuleika líkansins.

Árssveifla rennslisins við vhm 365 skv. HBV líkaninu tímabilið 1.9.1961 til 31.8.1999 er teiknuð á mynd 4.2.



Mynd 4.2 Rennslisferlar við vhm 365 skv. HBV líkani tímabilið 1.9.1961 - 31.8.1999.


Yfirborðsrennsli er mest áberandi rennslisþátturinn. Meðalrennsli á tímabilinu skv. HBV líkaninu er $3.53 \text{ m}^3/\text{s}$ eða $75.5 \text{ l/s}\cdot\text{km}^2$. Mikið ber á haust og vetrarflóðum en úrkoma er jafnan mest á þeim árstíma. Skv. líkaninu fer rennslið niður í um $0.3 \text{ m}^3/\text{s}$ (um $6 \text{ l/s}\cdot\text{km}^2$) í mestu þurrðum á vorin. Grunnrennslið er þó jafnan á bilinu $0.5 - 1.5 \text{ m}^3/\text{s}$ ($10 - 30 \text{ l/s}\cdot\text{km}^2$).



Mynd 4.3 Mælt og reiknað rennsli við vhm 365 borið saman. Á myndina er einnig teiknað meðalrennsli skv. HBV-líkani á tímabilinu 1.9.1961 - 31.8.1999.

Líkanið fylgir mældu rennsli ekki nógu vel yfir vetrarmánuðina, en fylgnin er skárri yfir vor og sumartímann. Líkanið sýnir of mikið rennsli í desember, en í janúar sýnir það hins vegar of lítið rennsli. Þetta stafar líklega af því að við það að stilla líkanið þannig að ekki verði of mikil snjósöfnun bræðir það snjóinn ekki nákvæmlega á réttum tíma. Erfitt er að segja til um þetta vegna þess hve gögnin ná yfir stuttan tíma.


Mynd 4.4 sýnir meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. líkani.



Mynd 4.4 Meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. líkani.

Vatnsmestu árin eru vatnsárin 1970/71 og 1991/92 með um 103 l/s-km², en hið vatnsminnsta er árið 1984/85 með 52.2 l/s-km² meðalafrennsli.

Vatnasviði vhm 365 var nú skipt upp í sjö 100 - 200 m hæðarbil og HBV líkanið af vhm 365 keyrt á hverju þessara hæðarbila. Á mynd 4.5 sést meðal árlegur vatnsjöfnuður tímabilsins 1.9.1961 - 31.8.1999 á vatnasviðinu.




Mynd 4.5 Vatnsjöfnuður á hæðarbilum vatnasviðs vhm 365.

Skv. líkaninu vex úrkoma um rúmlega 20 % við hverja 100 m hæðaraukningu á neðstu hæðarbilunum, en ofar dregur úr vextinum. Leiðrétt ársúrkoma á neðsta hæðarbilinu er um 1100 mm sem svarar til um 650 mm óleiðréttrar úrkomu við sjávarmál. Úrkoman á neðstu 200 metrunum er því í sæmilegu samræmi við nærliggjandi úrkomustöðvar, sem eru Rauðamýri og Æðey. Úrkoman á efri hæðarbilum er fundin út með HBV-líkaninu.

Snjósöfnun er 56 mm sem dreifist á 1.2 km² á 39 árum. Þetta hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu líkansins.

5 Vattardalsá

Vatnamælingar hófu rekstur vhm 400 í Vattardalsá í nóvember 1996. Mælirinn er við mynni Vattardals í um 10 m h.y.s., og flatarmál vatnasviðsins er 67.6 km². Mynd 5.1 sýnir hæðardreifingu vatnasviðsins.



Mynd 5.1 Hæðardreifing vatnasviðs vhm 400.

Meðalhæð vatnasviðsins er 486 m y.s., þ.e. nokkru lægri en meðalhæð vatnasviða hinna vatnshæðarmælanna. Hæsti punkturinn á vatnasviðinu er í um 650 m hæð.


Við gerð líkansins var stuðst við gögn frá tímabilinu janúar 1997 til ágúst 1999. Líkanið var aðlagað gögnum frá vatnsárunum 1997/98 og 1998/99 og samanburðartímabilið er janúar til ágúst 1997. Tafla 5.1 sýnir yfirlit yfir fylgnistuðla og vatnsjöfnuð.

Vatnsár	Vatnsjöfnuður			Fylgnistuðlar		Ársmeðalrennsli		
	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.	R2	R2log	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.
1996/97	6.35	6.31	-0.6%	0.79	0.78		5.27	
1997/98	6.54	6.60	0.9%	0.56	0.54	4.74	5.07	6.9%
1998/99	8.53	8.18	-4.1%	0.69	0.72		5.08	
meðal	7.01	6.93	-1.2%	0.66	0.67	4.74	5.13	

Tafla 5.1 Yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni. Aðlögunartímabil er feitletrað.


Líkanið af vhm 400 kemur vel út á tímabilinu þar sem mælingar liggja fyrir, en þar sem þetta tímabil spannar einungis um tvö og hálf ár er ráðlegt að endurskoða líkanið þegar fleiri gögn verða tiltæk (eftir um 3–4 ár ef mælingar ganga vel).

Mynd 5.2 sýnir árssveiflu rennslisins skv. HBV líkaninu vatnsárin 1961/62 til 1998/99.



Mynd 5.2 Árssveifla rennslis við vhm 400 skv. HBV líkani.


Meðalrennsli á tímabilinu 1.9.1961 – 31.8.1999 skv. HBV líkaninu er $5.79 \text{ m}^3/\text{s}$ eða $85.6 \text{ l/s}\cdot\text{km}^2$. Þetta er nokkru meira afrennsli en búist var við þar sem vatnasvið vhm 400 er lægra og liggur fjær úthafi en aðliggjandi vatnasvið. Meiri úrkoma virðist falla á vatnasvið vhm 400 en aðliggjandi vatnasvið. Skv. líkaninu er grunnrennsli við vhm 400 jafnan á bilinu $1 - 3 \text{ m}^3/\text{s}$ ($15 - 45 \text{ l/s}\cdot\text{km}^2$).



Mynd 5.3 Mælt og reiknað rennsli við vhm 400 borið saman. Til samanburðar er reiknað meðalrennsli skv. HBV-líkani teiknað inn (feit lína).

Líkanið fylgir mældu rennsli ekki nógu vel yfir veturinn, en það sýnir ekki nógu mikið rennsli í desember. Ástæðan getur verið sú að líkanið nái ekki að fylgja vetrarblotum sem koma fram á þessum tíma.


Mynd 5.4 sýnir meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. líkani.



Mynd 5.4 Meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. líkani.

Mest afrennsli var vatnsárið 1970/71 119.1 l/s·km² að meðaltali, en minnst vatnsárið 1984/85 61.1 l/s·km².

Vatnasviðinu var nú skipt í eitt 200 m og fjögur 100 m hæðarbil og líkanið látið reikna vatnsjöfnuð á hverju þessara hæðarbila á tímabilinu 1.9.1961 - 31.8.1999. Mynd 5.5 sýnir niðurstöðu þessa.



Mynd 5.5 Vatnsjöfnuður á hæðarbilum vatnasviðs vhm 400.


Svk. líkaninu vex úrkoma um u.þ.b. 20 % við hverja 100 m hæðaraukningu á bilinu 0 - 500 m en eftir það um u.þ.b. 5 % á 100 m. Leiðrétt meðalúrkomu á hæðarbilinu 0-200 m er skv. líkaninu um 1650 mm sem svarar til um 1000 mm óleiðréttrar úrkomu við sjávarmál. Snjósöfnun er óveruleg, og hefur ekki áhrif á heildarniðurstöður HBV-líkansins.

6 Vatnsdalsá

Vatnamælingar reka tvo vantshæðarmæla í Vatnsdalsá, vhm 204 nálægt ós árinar og vhm 208 inni í botni Vatnsdals.

6.1 Vhm 204

Rekstur vhm 204 hófst í september 1976. Mælirinn er staðsettur neðan brúar á þjóðvegi nokkur hundruð metrum frá ósi árinna í Vatnsfirði. Mælirinn er í um 9 m hæð yfir sjávarmáli. Mynd 6.1 sýnir hæðardreifingu vatnasviðsins.



Mynd 6.1 Hæðardreifing vatnasviðs vhm 204.

Flatarmál vatnasviðsins er 102.4 km². Meðalhæð vatnasviðsins er 507 m en hæsti punktur vatnasviðsins er í um 845 m hæð. Á vatnasviðinu eru allmörg stöðuvötn, þeirra stærst eru Vatnsdalsvatn um 1.7 km² og Hólmavatn um 1.0 km² að flatarmáli.


Vhm 204 hefur gegnið nokkuð skrykkjótt síðan hann var settur upp og einnig er nokkuð algengt að mælirinn truflist vegna íss. HBV líkanið var aðlagð að rennislisgögnum frá vatnsárunum 1976/77 til 1981/82. Tafla 6.1 sýnir yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni.

Vatnsár	Vatnsjöfnuður			Fylgnistuðlar		Ársmeðalrennsli		
	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.	R2	R2log	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.
1976/77	8.12	8.59	5.8%	0.75	0.57		7.76	
1977/78	8.15	7.44	-8.7%	0.61	0.49	6.58	6.48	-1.6%
1978/79	8.10	9.22	13.8%	0.71	0.79	7.26	7.61	4.8%
1979/80	7.45	7.03	-5.6%	0.57	0.54	7.03	6.71	-4.6%
1980/81	9.91	10.3	3.5%	0.79	0.73	8.13	8.09	-0.5%
1981/82	8.01	7.10	-11.3%	0.63	0.54	7.14	6.41	-10.2%
1982/83	12.9	15.4	18.9%	0.66	0.74	8.41	9.83	16.9%
1983/84	5.81	5.83	0.3%	-1.57	-1.76		11.4	
1985/86	8.54	10.6	24.3%	0.54	0.78		8.67	
1986/87	6.67	7.14	7.0%	0.05	0.43		7.37	
1991/92	14.5	13.4	-7.6%	0.76	0.68		11.2	
1992/93	9.46	6.28	-33.6%	-1.45	-2.79		8.48	
1996/97	10.8	9.76	-10.0%	0.84	0.88		7.71	
1997/98	8.09	7.75	-4.2%	0.34	0.17	7.61	7.29	-4.3%
1998/99	8.68	8.86	2.1%	0.71	0.76	7.01	7.11	1.4%
meðal	9.02	8.97	-0.5%	0.66	0.61	7.40	8.14	10.0%

Tafla 6.1 Yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni. Aðlögunartímabilið er feitletrað.


Samanburður á mældu og reiknuðu rennsli var gerður við gögn frá vatnsárunum 1982/83, 1984/85, 1985/86, 1991/92, 1992/93 og 1996/97 til 1998/99. Líkanið líkir allvel eftir rennslinu við vhm 204 flest árin. Þó fá vatnsárin 1983/84 og 1992/93 lélega einkunn sé miðað við fylgnistuðlana. Í báðum tilfellum er um að ræða vatnsár þar sem miklar eyður eru í gögnum og samanburður á mældu og reiknuðu rennsli spannar einungis nokkrar vikur og því ekki ástæða til alvarlegra efasemda um líkanið.

Mynd 6.2 sýnir rennslisferla við vhm 204 skv. HBV líkani á tímabilinu 1.9.1961 til 31.8.1999.




Mynd 6.2 Rennslisferlar skv. HBV-líkani af vhm 204 tímabilið 1.9.1961 - 31.8.1999.

Meginhluti rennslisins kemur af yfirborði og einungis lítill hluti þess er lindavatn eða á billnu 2 - 5 m³/s (20 - 50 l/s·km²). Líkanið sýnir í mörgum tilfellum of lágt rennsli síðla sumars og á haustin. Ástæðan er sennilega að líkanið nær ekki fyllilega miðlunaráhrifum hinna allmörgu stöðuvatna á vatnasviðinu (sbr. myndir 35 – 40 í viðauka V). Þessi mismunur jafnast þó út yfir árið. Meðalrennsli skv. HBV líkaninu á tímabilinu 1.9.1961 - 31.8.1999 er 8.46 m³/s eða 82.6 l/s·km².



Mynd 6.3 Samanburður á rennsli skv. líkani og mælingum. Á myndina er einnig teiknað meðalrennsli skv. HBV líkani á tímabilinu 1.9.1961 - 31.8.1999.


Skv. mynd 6.3 sýnir líkanið of lítið rennsli yfir vetrarmánuðina, en aðeins of mikið yfir sumartímann. Ástæðan getur verið sú að Vatnsdalsvatn og önnur minni vötn á vatnasviðinu hafa miðlunaráhrif sem gætir fram eftir vetri. Vatnsjöfnuðurinn kemur þó vel út fyrir þetta líkan, en hlutfallslegur mismunur á reiknuðu og mældu rennsli er 0.5 %. Mynd 6.4 sýnir reiknað meðalrennsli eftir vatnsárum.



Mynd 6.4 Meðalrennsli vatnsáranna 1961/62 til 1998/99 skv. líkani.

Minnsta meðalafrennsli af vatnasviðinu var vatnsárið 1984/85 52.5 l/s·km² en hið mesta var vatnsárið 1975/76 113.3 l/s·km².

Vatnasviðinu var skipt upp í hæðarbil og HBV-líkaninu beitt á hvert þeirra. Niðurstaða þessa er sýnd á mynd 6.5.




Mynd 6.5 Vatnsjöfnuður á hæðarbilum vatnasviðs vhm 204 vatnsárin 1961/62 - 98/99

Niðurstaða HBV-líkansins bendir til þess að úrkoma vaxi um 27 % upp að 500 m h.y.s. en eftir það um 10 %.

Úrkoman á fyrstu 200 metrunum er í samræmi við nærliggjandi úrkomustöðvar, en meðalgildi mældrar úrkomu við Mjólkárirkjun er um 900 mm á ári, sem samsvarar um 1480 mm á ári á neðsta hæðarbilinu.

6.2 Vhm 208

Vhm 208 hefur verið starfræktur síðan í maí 1991. Mælirinn er inni í botni Vatnsdals í um 40 m h.y.s. Flatarmál vatnasviðsins er 62.7 km². Hæðardreifingin er teiknuð á mynd 6.6.



Mynd 6.6 Hæðardreifing vatnasviðs vhm 208.

Meðalhæðin er 564 m og hæsti punkturinn er í um 845 m hæð.


HBV líkanið var aðlagð að rennslisgögnum frá vatnsárunum 1991/92 til 1995/96, en samanburðartímabilið er maí til ágúst 1991 og vatnsárin 1996/97 til 1998/99. Tafla 6.2 sýnir yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni.

Vatnsár	Vatnsjöfnuður			Fylgnistuðlar		Ársméðalrennsli		
	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.	R2	R2log	Mælt [m ³ /s]	Reikn. [m ³ /s]	hlfl mism.
1990/91	10.2	9.71	-5.1%	0.08	0.17	6.03		
1991/92	7.41	7.87	6.3%	0.65	0.69	6.54		
1992/93	6.73	7.16	6.3%	0.76	0.84	5.30		
1993/94	8.00	6.76	-15.4%	0.47	0.21	4.88		
1994/95	5.26	5.6	6.1%	0.64	0.82	4.66	4.84	3.8%
1995/96	5.36	3.31	-38.2%	0.50	0.53	4.21		
1996/97	5.82	5.91	1.6%	0.74	0.63	4.37		
1997/98	5.16	4.67	-9.6%	0.39	0.17	4.55	4.00	-12.0%
1998/99	4.99	4.82	-3.5%	0.45	0.38	4.09	3.89	-5.0%
meðal	6.30	6.19	-1.7%	0.58	0.64	4.43	4.24	-4.3%

Tafla 6.2 Yfirlit yfir vatnsjöfnuð og fylgni. Aðlögunartímabil er feitletrað.


Skv. tölfunni virðist aðlögun líkansins hafa heppnast allvel þrátt fyrir að mikið vanti í mæligögn, einkum á veturna. Lakasta fylgnin er vatnsárin 1990/91 og 1997/98, þegar síðsumars- og haustrennsli er of lágt í líkaninu (sjá myndir 41 – 43 í viðauka V). Ástæðan er að meiri snjór er á vatnasviðinu en líkanið spáir fyrir um, hugsanlega vegna foks af aðliggjandi vatnasviðum, en ekki er gert ráð fyrir áhrifum vinds í HBV líkaninu. Einnig getur verið að úrkomustöðvarnar séu ekki nægjanlega lýsandi fyrir vatnasviðið. Vatnsjöfnuður vatnsársins 1995/96 kemur áberandi illa út fyrir líkanið, og er ástæðan mikið rennsli í september sem líkanið nær ekki að fylgja, en rennslisgögn vantar afganginn af því vatnsári.

Mynd 6.7 sýnir rennslisferla skv. HBV líkaninu tímabilið 1.9.1961 til 31.8.1999.



Mynd 6.7 Rennslisferlar skv. HBV-líkani af vhm 208 tímabilið 1.9.1961 til 31.8.1999.


Árssveifla rennslisins er í öllum aðalatriðum eins og árssveiflan við vhm 204 neðar í ánni. Yfirborðsrennsli er langstærsti einstaki rennslispátturinn. Skv. líkaninu var meðalrennsli vatnsárin 1961/62 til 1998/99 $4.83 \text{ m}^3/\text{s}$ eða $77.1 \text{ l/s}\cdot\text{km}^2$.



Mynd 6.8 Samanburður á rennsli skv. líkani og mælingum. Á myndina er einnig teiknað meðalrennsli skv. HBV líkani á tímabilinu 1.9.1961 - 31.8.1999.

